


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Saga (SAG 203)	
	Námsáætlun (haustönn 2015)	

Kennari	Pröstur Ásmundsson	Sk.st.	PRÁ
----------------	--------------------	---------------	-----

Áfangalýsing: Þessi áfangi spannar það skeið í sögu Evrópu og Íslands sem kennt hefur verið við nútíma, frá frönsku byltingunni til líðandi stundar. Þetta eru tímar tæknibreytinga, hugsjóna og hagsmuna sem hafa leitt til kjarabóta, velmegunar og menningarauka en einnig stórstyrjalda og eyðingar á 20. öld. Í áfanganum verða teknir til umfjöllunar nokkrir valdir efnisflokkar, t.d. hversdagslíf og hugmyndastefnur á 19. öld, tilraunir manna til að breyta heiminum og lífsskilyrðum sínum á sviði hugsunar, menningar, stjórnmála og félagasamtaka.


Markmið: Að nemendur öðlist skilning á því hvernig þessi viðleitni sem og ýmsar tækninýjungar hafa auðgað og bætt mannlífið en jafnframt skapað nýjan vanda, þ.á.m. heimsstyrjaldir 20. aldar en einnig velferðarríki nútímans. Einnig er lögð áhersla á að þjálfar nemendur í heimildarýni af ýmsu tagi. Námsmat byggist á skriflegum prófum og fjölþættum verkefnum.

Námsgögn: Gunnar Karlsson og Sigurður Ragnarsson: Nýir tímar. Saga Íslands og umheimsins frá lokum 18. aldar til árpúsundamóta. Mál og menning. Reykjavík 2006.

Sýnd verða myndbönd, einkum um sögu 20. aldar. Ýmislegt annað ítarefni verður kynnt í tímum.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni	Verkefni
34-37. vika	Draumur um betra líf. Kaflar 1 til 9 – <i>Eftirmálar frönsku byltingarinnar</i>	Hópverkefni 1 Moodlepróf
38-40. vika	Nýir hugmyndastraumar á Íslandi. Kaflar 1 til 14 – <i>Sjálfstæðisbaráttan á Íslandi</i>	Heimildaverkefni
41-43. vika	Tækninýjungar til góðs og ills. Kaflar 1 til 12 – <i>Iðnbyltingin og samfélagslegar og pólitískar breytingar sem af henni leiddu</i>	Hópverkefni 2 -

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3	Saga (SAG 203) Námsáætlun (haustönn 2015)	

44-45. vika	Átök á heimsvísu. Kaflar 1 – 16 – Kapítalisminn í kreppu og stríði; Ísland og umheimurinn	Hópverkefni 3 – kynningar á verkefnum
46-49. vika	Velferð í deiglu. Kaflar 1 – 8 – Staða Íslands eftir 1944; uppgangur, hrun og óviss framtíð	Umræður

Námsmat og vægi námsþátta:

Tegund	Lýsing	Vægi
Annarpróf	Skriflegt lokapróf. Nemendur verða að ná 4 í einkunn á lokaprófi til að vetrarvinna komi til einkunnar.	50 %
Moodlepróf	Úr 1. þema	10%
Hópverkefni	Þrjú verkefni, hvert gildir 10%	30%
Heimildaverkefni	Úr 2. þema	10%

Athugið að kynna ykkur reglur um verkefnaskil sem fylgja þessari áætlun.


Moodle-kennsluvefurinn er notaður í þessum áfanga. Þar er hægt að sjá glærur, verkefni og ýmsar leiðbeiningar.

Með óskum um gott gengi.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Saga (SAG 203) Námsáætlun (haustönn 2015)	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		